

NÓVEMBER 2019

FRÉTTABRÉF

ÍSLANDSDEILD AMNESTY INTERNATIONAL



Þitt nafn
bjargar lífi –
Taktu þátt

Loftslagsbreytingar
eru
mannréttindamál

Mannréttindabrot
í Marvel-
myndunum

AMNESTY
INTERNATIONAL





KÆRU FÉLAGAR OG STUÐNINGSaðILAR

Umræðan um loftslagsmálin hefur eflaust ekki farið fram hjá neinum. Rödd Amnesty International hefur verið æ háværi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum þar sem afleiðingar þessara breytinga hafa bein áhrif á mannréttindi fólks um allan heim. Neikvæð áhrif loftslagsbreytinga skerða m.a. rétt okkar til lífs, heilsu, næringar, vatns, húsnæðis og lífsviðurværis. Því lengur sem yfirvöld um heim allan draga að grípa til raunverulegra aðgerða, því erfiðara verður að leysa vandann.

Íslandsdeildin tekur það alvarlega að gera starfseminna eins umhverfisvæna og hægt er og er það þess vegna sem blaðið er nú í fyrsta skipti aðeins gefið út á rafrænu formi en ekki prentað út og sent í pósti til félaga. Við vonum að félagar taki þessum breytingum fagnandi.

Íslandsdeild Amnesty International hefur aldrei verið stærri og kraftmeiri, en nú starfa 7 manns hjá deildinni. Eitt af hlutverkum Amnesty International er að hvetja stjórnvöld og fyrirtæki til að breyta rétt og tryggja að mannréttindi allra séu virt. Þó svo að þessi hluti starfsins fari oft hljótt er það gríðarlega mikilvægt að veita stjórnvöldum aðhald og minna þau á að halda alþjóðlegar skuldbindingar og vinna að framgangi mannréttinda. Íslensk stjórnvöld hafa að mörgu leyti staðið sig vel og á alþjóðavettvangi er orðspor þeirra gott. En betur má ef duga skal og Íslandsdeildin heldur áfram samtali sínu við stjórnvöld til að minna á það sem betur má fara.

Þann 21. nóvember verður herferðinni *Pitt nafn bjargar lífi* ýtt úr vör en í ár beinir herferðin sjónum sínum að ungu fólki á aldrinum 14 til 25 ára sem sætir grófum mannréttindabrotum. Málin eru tíu talsins og lúta m.a. að lögregluofbeldi, þvinguðum mannhvörfum, dauðarefsingu, fangavist vegna aðstoðar við flóttafólk og refsingu fyrir táknræn mótmæli gegn skerðingu á réttindum kvenna. Við hvetjum alla til þess að taka þátt á www.amnesty.is

Kær kveðja,
Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International



ÍSLANDSDEILD

AMNESTY INTERNATIONAL

Pinghóltsstræti 27 – Pósthólf 618
121 Reykjavík – sími 511 7900

Netfang: amnesty@amnesty.is

Vefsíða: www.amnesty.is

STJÓRN

Formaður: Björg María Oddsdóttir

Varaformaður: Magnús Davíð Norðdahl

Gjaldkeri: Raket Haraldsdóttir

Meðstjórnendur: Þórhildur Elísabet Þórsdóttir,
Eva Einarsdóttir og Ólöf Salmon Guðmundsdóttir

STARFSFÓLK

Framkvæmdastjóri: Anna Lúðvíksdóttir

Fjáröflunarstjóri: Rúna Friðriksdóttir
Sonja Huld Guðjónsdóttir (í fæðingarorlofi)

Herferðastýra: Bryndís Bjarnadóttir

Aðgerða- og ungliðastýra: Hera Sigurðardóttir

Fræðslustjóri: Vala Ósk Bergsveinsdóttir

Rekstrarfulltrúi: Anna Dóra Valsdóttir

Lögfræðingur: Birna Guðmundsdóttir

Bókari: Bryndís Björk Karlsdóttir
Margrét Helga Ólafsdóttir (lét af störfum í júní)

Umbrot: Einar Guðmundsson

Próförk Fréttabréfs: Ásgeir Ásgeirsson

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Anna Lúðvíksdóttir



Forsíðumynd:

© Íslandsdeild Amnesty International 2019.



Kumi hvatti íslensk stjórnvöld til að halda áfram gagnrýni sinni á mannréttindaástand í Sádi-Arabíu.



ÍSLANDSHEIMSÓKN KUMI NAIDOO

AÐALFRAMKVÆMDASTJÓRA AMNESTY INTERNATIONAL

Aðalframkvæmdastjóri Amnesty International, Kumi Naidoo, var staddur hér á landi í ágúst síðastliðnum. Margt dreif á daga Kumi hér á landi en hann tók þátt í Reykjavík Pride með ungliðahreyfingu deildarinnar, var viðstaddur afhjúpun minnisvarða um jökulinn Ok, hitti Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra Íslands og stóð að lokum fyrir hádegisumræðum á skrifstofu Íslandsdeildarinnar.

Kumi er reyndur aðgerðasinni og hefur frá unga aldri starfað í þágu mannréttinda í heimalandi sínu, Suður-Afríku. Aðeins 15 ára skipulagði hann sín fyrstu mótmæli gegn aðskilnaðarstefnunni og var rekinn úr skóla fyrir vikið. Eftir það tók hann virkan þátt í aðgerðum gegn aðskilnaðarstefnunni sem leiddu til þess að árið 1986 var Kumi, þá 21 árs, neyddur í útleið til Bretlands, þaðan sem hann sneri mörgum árum seinna.

Í heimsókn sinni hér á landi tók Kumi þátt í Reykjavík Pride ásamt ungliðahreyfingu Íslandsdeildarinnar. Fyrir gönguna spjallaði hann við ungliða og lagði áherslu á mikilvægi ungra aðgerðasinna og hvatti hreyfinguna til að halda ótrauð áfram. Hann sagði mikilvægt að gleyma ekki að hafa húmor fyrir hlutunum og skemmta sér í mannréttindabaráttu.

Kumi deildi sögu frá fyrstu mótmælagöngu sinni þegar hann mótmælti ójöfnuði milli hvíttra og svartra innan menntakerfisins í Suður-Afríku og hrópaði fremstur í flokki „We want equality“ (Við viljum jafnrétti). Þegar orðin bárust til enda fylkingarinnar höfðu skilaboðin aðeins skolast til og kallað var „We want colour tv“ (Við viljum litasjónvarp).

Kumi hitti einnig Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra ásamt Björgu Maríu Oddsdóttur formanni Íslandsdeildar Amnesty International og Önnu Lúdvíksdóttur framkvæmda-

stjóra deildarinnar. Rætt var um setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og þakkaði Kumi Íslandi fyrir að leggja fram ályktun í ráðinu í júlí síðastliðnum sem varðaði ástand mannréttindamála á Filippseyjum. Þá hvatti Kumi íslensk stjórnvöld til að halda áfram gagnrýni sinni í ráðinu á mannréttindaástandið í Sádi-Arabíu.

Þá hitti Kumi félagi Íslandsdeildar Amnesty International í hádegisumræðum þar sem rætt var um helstu áskoranir í baráttunni fyrir mannréttindum. Hann sagði helstu áskoranirnar vera uppgang einræðisstjórnarfars víðsvegar um heiminn, aukinn ójöfnuð, útbreiðslu útlendingahaturs og hlýnun jarðar. Hann sagði afar mikilvægt að við tengdum loftslagsmál við mannréttindi þar sem minnihlutahópar og fólk í þróunarlöndum verður helst fyrir barðinu á afleiðingum loftslagsbreytinga. Hann sagði að jörðin þarfnaðist ekki björgunar, heldur mannkynið. „Jörðin mun ná sér aftur á strik. Skógar munu vaxa aftur og vatnslindir endurnýjast. Vandinn sem tengist hlýnun jarðar snýst fyrst og fremst um að tryggja framtíð barna og barnabarna okkar.“



Kumi tók þátt í Gleðigöngunni í Reykjavík í ár ásamt ungliðahreyfingu Íslandsdeildar Amnesty.

VIÐBURÐIR UM ALLT LAND

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI DAGANA 21. NÓV.-10. DES.

21.
NÓV.

Opnunarhátíð á
Þitt nafn bjargar lífi
í Hörpu kl. 17-19.
Gagnvirk ljósainn-
setning Amnesty
og Gagaríns

26.
NÓV.

Lifandi bókasafn
og ljóðakvöld
á Loft hostel

27.
NÓV.

Þitt nafn bjargar lífi
undirskriftasöfnun
í Kringlunni dagana
27. nóv.-12. des.

28.
NÓV.

Þitt nafn bjargar
lífi í Ráðhúsi
Reykjavíkur
og Höfðatorgi

1.
DES.

Nemendafélag
FAS verður með
Þitt nafn bjargar
lífi undirskrifta-
söfnun þegar ljósín
verða kveikt á
jólátrénu

10.
DES.

Þitt nafn bjargar
lífi á skrifstofu
Íslandsdeildar
Amnesty
International



SIJÁ NÁNAR Á HEIMASÍÐU ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL

UNGT FÓLK ER LEIÐTOGAR SAMTÍMANS!

Það er gjarnan talað um unga fólkið sem leiðtoga framtíðarinnar. Við viljum hins vegar halda því fram að unga fólkið sé nú þegar farið að leiða baráttuna í einum allra stærstu áskorunum sem samtíminn þarf að takast á við. Ungt fólk er í forystu um að leiða fram breytingar hvort sem það á við um réttlæti í loftslagsmálum, bætt réttindi kvenna, baráttuna gegn húsnæðisleysi eða afhjúpun lögregluofbeldis.

Ungt fólk er 3,1 milljarður mannkyns eða 42% og býr stór hluti þess fjölda á suðurhluta jarðar. Oftar en ekki verður það einna verst fyrir áhrifum óréttlætis og upplifir á sjálfu

sér vægðarlaus mannréttindabrot. Ungt fólk horfir upp á samfélag sitt sundurtætt vegna fátæktar, ójöfnuðar, mismununar eða spillingar og finnur sig knúð til að rísa upp gegn þessum öflum.

Víða reyna valdhafar að sópa þessu unga fólki í burtu með áreitni, árásum eða jafnvel fangelsun.

Í ár beinir herferðin, Þitt nafn bjargar lífi, sjónum sínum að börnum og ungu fólki í þeim tilgangi að styðja það, veita því styrk og gera því kleift að halda áfram að bjóða birginn valdhöfum, sem bregðast hlutverki sínu, og þannig breyta sýn okkar á heiminn.

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

MÁLIN

YASAMAN ARYANI
ÍRAN



Yasaman Aryani storkaði lögum um höfuðslæðu í Íran með ögrandi gjörningi. Yasaman var dæmd í 16 ára fangelsi vegna þess eins að hún telur að konur eigi að hafa frelsi til að velja hverju þær klæðast.

NASU ABDULAZIZ
NÍGERÍA



Nasu Abdulaziz berst fyrir rétti sínum til heimilis í Nígíeríu. Vopnaðir menn með jarðýtur komu fyrirvaralaust inn í hverfið hans, Otodo Gbame, í Lagos árið 2017 og jöfnuðu heimili íbúanna við jörðu.

IBRAHIM EZZ EL-DIN
EGYPTALAND



Ibrahim var handtekinn í júní 2019 nálægt heimili sínu í Kaíró en lögregla neitar því að hún hafi hann í haldi. Fjölskylda hans hefur engar upplýsingar um hvar hann er eða hvað kom fyrir hann.

EMIL OSTROVKO
HVÍTA-RÚSSLAND



Emil Ostrovko var 17 ára þegar hann var dæmdur í tíu ára fangelsi í Hvíta-Rússlandi. Hann var handtekinn við sendisstörf árið 2018 og ákærður fyrir fíkniefnaviðskipti.

SARAH MARDINI OG SEÁN BINDER
GRIKKLAND



Sarah Mardini 24 ára og Seán Binder 25 ára eiga yfir höfði sér 25 ára fangelsisdóm fyrir að bjarga flóttafólki í háska við strendur Grikklands. Þau eru ákærð fyrir njósnir, smygl á fólki og að tilheyra glæpasamtökum.

MARINEL SUMOOK UBALDO
FILIPPSEYJAR



Marinel Sumook lifði af mannskæða fellibylinn Yolanda sem reið yfir Filippseyjar árið 2013 en hún og þúsundir annarra, sem misstu heimili sín í fellibylnum, þurfa nægilegt fæði, vatn, húsnæði, rafmagn og salernisaðstöðu.

JOSÉ ADRIÁN
MEXÍKÓ



José Adrián var 14 ára og var á heimleið úr skólanum þegar lögreglan réðst á hann og kastaði honum á lögreglubíl. Hann hafði fyrir tilviljun lent í lokum átaka milli hópa ungmenna. Lögregla handtók svo hann einan, án skýringa.

GRASSY NARROWS
KANADA



Á síðustu 50 árum hefur kvikasílfur, sem er hættulegt heilsu fólks, eitnað ána og fiskinn á landsvæði frumbyggja-samfélagsins Grassy Narrows. Aðgerðaleysi stjórnvalda hefur leitt til þess að kynslóðir ungs fólks hafa alist upp við erfið heilsufarsvandamál.

MAGAI MATIOP NGONG
SUÐUR-SÚÐAN



Magai Matioop Ngong var 15 ára gagnfræðaskólanemi þegar hann var dæmdur til dauða. Hann fékk ekki lögfræðing sér til aðstoðar fyrr en eftir réttarhöldin. Magai bíður enn eftir áfrýjun dauðadómsins, tveimur árum síðar.

YILIYASIJANG REHEMAN
KÍNA



Yiliyasijang Reheman og kona hans Marinisha Abuduaini áttu von á öðru barni sínu þegar hans var saknað. Mairinisha telur að eiginmaður hennar sé á meðal milljón múslima sem er haldið í leynilegum búðum í Kína.

MANNRÉTTINDASKÓLAR ÁRSINS

TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK TIL AÐ GRÍPA TIL AÐGERÐA



👁️ ↑ Nemendur Framhaldsskólans á Laugum söfnuðu flestum undirskriftum miðað við nemendafjölda, alls 470.

Nú þegar stærsti árlegi viðburður Amnesty International, **Pitt nafn bjargar lífi** (áður Bréf til bjargar lífi), er hafinn blásum við eins og fyrri ár til samkeppni meðal grunn- og framhaldsskóla landsins þar sem nemendum gefst tækifæri til að safna sem flestum undirskriftum fyrir sinn skóla, vinna farandbikar og hljóta titilinn **Mannréttindagrunnskóli ársins** og **Mannréttindaframhaldsskóli ársins**.

Keppt er í tveimur flokkum á hvoru skólastigi. Annars vegar keppa skólarnir um að safna sem flestum undirskriftum á landsvísi og hins vegar um söfnun flestra undirskrifa miðað við nemendafjölda. Þannig gefst smærri skólum tækifæri til að leggja sitt af mörkum og vinna til verðlauna. En Pitt nafn bjargar lífi er ekki einungis keppni um fjölda undirskrifa því herferðinni fylgir kennsluefni um málin þar sem nemendur geta kafað dýpra í heim mannréttinda og mannréttindabrota. Kennsluefnið má nálgast [hér](#).

MANNRÉTTINDASKÓLAR ÁRSINS 2018 SÖFNUÐU SAMTALS 5049 UNDIRSKRIFTUM



👁️ ↑ Nemendur Kvennó söfnuðu flestum undirskriftum allra framhaldsskóla árið 2018, alls 2.804.

Bréf til bjargar lífi 2018 (í ár Pitt nafn bjargar lífi) heppnaðist einstaklega vel þar sem söfnuðust **76.341** undirskriftir á Íslandi til stuðnings þolendum mannréttindabrota víða um heim. Þá hafa jákvæðar breytingar átt sér stað í nokkrum þeirra mála sem tekin voru fyrir í herferðinni í fyrra og sýnir það hve megnugur samtakamátturinn er. **Kvennaskólinn í Reykjavík** og **Framhaldsskólinn á Laugum** báru sigur úr bítum.

Kvennaskólinn í Reykjavík bar sigur úr bítum sem Mannréttindaframhaldsskóli ársins 2018 en nemendur Kvennó söfnuðu flestum undirskriftum, alls 2.804. Þá sigraði Framhaldsskólinn á Laugum í flokki flestra undirskrifa miðað við nemendafjölda en þar söfnuðu nemendur 420 undirskriftum. Árið 2018 tóku 25 framhaldsskólar á landinu þátt í herferðinni og söfnuðu samtals 12.573 undirskriftum, 2.506 fleiri en árið 2017.

MANNRÉTTINDAGRUNNSKÓLI ÁRSINS KRÝNDUR Í FYRSTA SINN



👁️ ↑ Alþjóðaskólinn í Garðabæ safnaði flestum undirskriftum miðað við nemendafjölda í herferðinni árið 2018.

Undanfarin ár hefur keppnin á grunnskólastigi farið fram í félagsmiðstöðvum víða um land. Árið 2018 varð breyting á þegar samkeppni var haldin meðal grunnskóla á landinu í stað félagsmiðstöðva. Sjö grunnskólar á landinu tóku þátt í fyrra og vonumst við til að fleiri skólar verði með í ár og að keppnin vaxi og dafni næstu árin.



👁️ ↑ Nemendum var auðvitað boðið upp á köku í tilefni dagsins.



↓ Íslandsdeild Amnesty International hefur gefið út kennsluefni á íslensku meðfram herferðinni.



↑ Háteigsskóli safnaði flestum undirskriftum allra grunnskóla árið 2018, alls 1137.



↑ Nemendur í Alþjóðaskólanum í Garðabæ verja góðum tíma ár hvert í að kynna sér málin í herferðinni.

Háteigsskóli fór með sigur af hólmi sem Mannréttinda-grunnskóli ársins 2018 og safnaði **1.137** undirskriftum en nemendur skólans voru heldur betur kröftugir og gengu í hús og fyrirtæki í nágrenninu, kynntu málin og söfnuðu undirskriftum. Þá hlaut Alþjóðaskólinn á Íslandi viðurkenningu fyrir flestar undirskriftir miðað við nemendafjölda en skólinn safnaði **571** undirskrift. Að auki skrifuðu nemendur Alþjóðaskólans **61** bréf til stjórnvalda og stuðningskveðjur til þolenda.

KEPPNIN Í ÁR STENDUR TIL 31. DESEMBER 2019

Ætlar þinn skóli að taka þátt? Skráning og frekari upplýsingar um fyrirkomulag má nálgast í síma 5117900 eða með því að senda tölvupóst á amnesty@amnesty.is



↑ Anna María Jónsdóttir, kennari í Háteigsskóla, heldur utan um þátttöku nemenda sinna í keppninni. Hér er hún ásamt fulltrúum nemenda.

FYRIRKOMULAG KEPPNINNAR MANNRÉTTINDASKÓLI ÁRSINS

Utanumhald verkefnisins er í höndum kennara og/eða nemenda. Nemendur kynna sér málin og skrifa bréf/ skrifa undir bréf til valdhafa sem geta haft áhrif og gert breytingar. Nemendur geta einnig skrifað þolendum og/eða aðstandendum stuðningskveðju.


Eftir að hafa kynnt sér málin er kjörið að kynna þau öðrum nemendum, kennurum og starfsfólki, fjölskyldum og fleirum ef vill.

Hægt er að skrifa undir á þrjá vegu (veljið eina leið):

1. Skrifa undir tilbúin bréf á www.amnesty.is (Muna að velja skólann af flettilista!).
2. Fá send aðgerðakort frá Íslandsdeild AI (senda aftur til Íslandsdeildar, gjaldfrjálst).
3. Skrifa sín eigin bréf og stuðningskveðjur (senda til Íslandsdeildar, gjaldfrjálst).

Mikilvægt er að skrifa undir/sendu bréf til Íslandsdeildar ekki síðar en 31. desember 2019 svo hægt sé að telja þau með í keppninni í ár og senda þau áfram á stjórnvöld.

LOFTSLAGSBREYTINGAR ERU MANNRÉTTINDAMÁL



Milljónir einstaklinga líða nú þegar fyrir hörmuleg áhrif gífurlegra hamfara sem loftslagsbreytingar hafa gert enn verri. Fellibylir leggja heilu bæina í rúst víða um heim, langvarandi þurrkar sunnan Sahara í Afríku, villtir skógareldar, bráðnandi jöklar og ákafar hitabylgjur geisa og hafa kostað hundruð lífið í Evrópu og víðar. Það eru aðeins örfáar vikur síðan fyrsti jökullinn, jökullinn Ok, var kvaddur á Íslandi. Við viljum ekki þurfa að kveðja síðasta jökul þessa lands dag einn.

En hvað hafa loftslagsmál að gera með mannréttindi, kunna sumir að spyrja sig.

Öll fæðumst við með grundvallarréttindi, mannréttindi, en nú eru þessi réttindi í hættu vegna loftslagsbreytinga. Loftslagsbreytingar ógna lífi allra jarðarbúa á einn eða annan hátt en þær bitna verst á fólki í viðkvæmri stöðu og þeim sem þurfa að þola mismunun. Allt fólk á jafnt skilið að njóta verndar frá þessari alheimsógn. Öfgafullar veðurhamfarir og hækkandi sjávarborð eyðileggja heimili fólks og koma í veg fyrir möguleika þess til að vinna fyrir sér. Áætlað er að ef ekki verður gripið til aðgerða og dregið verulega úr útblæstri muni 600 milljón manns líklega þurfa að þola langvarandi þurrka og þ.a.l. hungursneyð vegna loftslagsbreytinga.

Afleiðingar loftslagsbreytinga og mengunar vegna jarðefnaeldsneytis hafa mismunandi áhrif á hópa fólks eftir því hvaða þjóðernishópum og stéttum þeir tilheyra. Í Norður-Ameríku eru það frekar fátæk samfélög þeirra sem eru dökkir á höfund sem eru neydd til að anda að sér eitruðu lofti því hverfi þeirra eru líklegri til að vera nálægt raforkustöðvum og olíuhreinsistöðvum. Þessir hópar eru líklegri en aðrir til að fá öndunarfærasjúkdóma og krabbamein og eru þrisvar sinnum líklegri til að deyja úr sjúkdómum tengdum loftmengun en aðrir hópar fólks í Bandaríkjunum.

Frumbyggjar búa oft á jaðarsettum landsvæðum og í viðkvæmum vistkerfum sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir umhverfisbreytingum. Þessir hópar eru einna berskjaldaðastir fyrir afleiðingum loftslagsbreytinganna. Frumbyggjar eru háðir nánustu náttúru sinni til þess að afla fæðu og menningarleg sjálfsmynd þeirra byggist oft á landi þeirra og umhverfi.

Ástæður þess að fólk flýr heimkynni sín eru margvíslegar. Þegar hungursneyð, sviðandi þurrkar og aðrar náttúruhamfarir verða æ algengari á fjöldi þeirra sem neyðast til þess að flýja til annarra landa aðeins eftir að aukast. Þó að margir standist ekki núverandi lagaleg skilyrði til þess að fá stöðu flóttafólks, þá mun sú krafa verða æ háværari að þau ríki sem stuðla hvað mest að loftslagsbreytingum axli ábyrgð og bjóði það fólk sem neyðist til að flýja, velkomið. Mannréttindi og loftslagsbreytingar eru þannig bundin nánnum böndum og snerta m.a. réttinn til lífs, heilsu, næringar, vatns og húsaskjól.

Hreyfing skólabarna fyrir loftslagsverkföllum, Fridays for Future, hófst með Greta Thunberg, unglingsstúlku frá Svíþjóð sem ákvað í ágúst 2018 að hætta að mæta í skólann á föstudögum til þess að mótmæla fyrir utan sænska þinghúsið þar til að þingið gripi til aðgerða gegn loftslagsbreytingum af fullri alvöru.

Ákvörðun einnar manneskju hreyfði við milljónum nemenda í um 145 löndum sem fylgdu hennar fordæmi. Íslenskir nemendur láta ekki sitt eftir liggja en þeir hafa safnast saman á Austurvelli í hádeginu á föstudögum frá því í febrúar á þessu ári og krafist þess að íslensk stjórnvöld bregðist við neyðarástandi í loftslagsmálum. Ákall þessa unga fólks er hávært, það er mikilvægt og það er áriðandi.

Unga fólk hefur sýnt sanna forystuhæfileika og krafist breytinga sem þarfnast þátttöku og stuðnings frá öllum

sviðum samfélagsins. Stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar verða að horfast í augu við það að ef við erum ekki hluti af lausninni þá erum við hluti af vandanum.

Í september hlaut Greta Thunberg og hreyfing skólabarna fyrir loftslagsverkföllum viðurkenninguna sem sendifulltrúi samviskunnar 2019 fyrir baráttu sína gegn loftslagsbreytingum.

Sendifulltrúi samviskunnar er sá eða sú sem stendur upp í hárinu á valdhöfum og berst fyrir því sem hann eða hún trúir á. Sendifulltrúar samviskunnar eru á öllum aldri en í ár var það óumdeilt að framlag þessa unga fólks skyldi vera viðurkennt og hljóta æðstu viðurkenningu Amnesty International.

Deildir Amnesty International víða um heim veittu samskonar viðurkenningu þeim sem hafa verið í forystu fyrir loftslagsverkföllum í hverju landi. Voru það fern samtök sem tóku á móti viðurkenningu Íslandsdeildar Amnesty International; Stúdentaráð Háskóla Íslands, Landssamtök íslenskra stúdenta, Ungir umhverfissinnar og Íslenskir framhaldsskólanemar.

Ríkjum ber skylda til að grípa til aðgerða strax. Aðgerðaleysi stjórnvalda í loftslagsmálum, í ljósi yfirgefandi vísindalegra sannana, gæti orðið að einu stærsta mannréttindabroti sögunnar sem næði til margra kynslóða.

Fyrirtækjum ber einnig skylda til að meta áhrif starfsemi sinnar á mannréttindi og koma í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif. Það nær líka yfir skerðingu mannréttinda vegna loftslagsbreytinga. Loftslagsbreytingar verða ekki stöðvaðar án aðgerða stjórnvalda og fyrirtækja.

Einstaklingar geta einnig lagt smátt sem stórt af mörkum í baráttunni. Breyttar venjur í daglegu lífi geta verið mikilvæg skref, sem dæmi að huga að orkunotkun, neysluvenjum og rusli. Þrýstingur á valdhafa og fyrirtæki, með undirskrift og mótmælum, sér til þess að skilaboðin skili sér á réttan stað. Saman erum við sterkari!

HVAÐ ERU LOFTSLAGSBREYTINGAR?

Veðurfar jarðarinnar hefur í gegnum jarðsöguna verið sibreytilegt og einkennst af verulegum sveiflum meðal loftslagshita. Hins vegar hlýnar jörðin mun hraðar nú en áður og það er ljóst að mannkynið hefur valdið mestum hluta hlýnunar síðustu aldar. Hlýnun jarðar stafar meðal annars af brennslu jarðefnaeldsneytis, landbúnaði og landnýtingu og öðrum aðgerðum okkar. Þessi þróun er vandamál vegna þess að hún breytir loftslaginu á hraða sem er of mikill fyrir aðlögun alls lífs á jörðinni.

Hækkandi hitastig leiðir til öfga í veðurfari, sjávarborðshækkunar, minna dýralífs og kjörlendis og ýmissa annarra áhrifa. Við finnum nú þegar fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga og þær fara versnandi. Hiti jarðar er nú þegar einni gráðu hærri en hann var fyrir iðnbyltinguna.

GÓÐAR FRÉTTIR

FRÁ ÁRINU 2019

Árangur af starfi Amnesty International og mannréttindabaráttunnar er margs konar. Lög eru sett til verndar mannréttindum, komið er í veg fyrir lagabreytingar sem ógna mannréttindum, réttlæti næst, aftökur eru stöðvaðar, fólk er leyst úr haldi og fyrirtækjum gert að virða mannréttindi. Þátttaka þín í mannréttindabaráttunni skiptir máli. Saman erum við sterkari.

BLOGGARI FÆR FRELSI Á NÝ EFTIR FIMM ÁR Í FANGELSI JÚLÍ 2019



Mohamed Mkhaitir, bloggari á Máritíus, var leystur úr haldi en hann hafði verið dæmdur til dauða og honum haldið í fangelsi að geðþótta í rúm fimm ár eftir að hafa birt blogg færslu sem fjallaði um mismunun byggða á erfðastétt í landinu.

„Án ykkar framtaks hefði ég aldrei verið leystur úr haldi. Á þessum fimm árum í fangelsinu sá ég sólina aðeins í sex skipti. Margt hefur breyst á síðustu fimm árum og ég er enn að aðlagast lífinu utan fangelsisins. Núna er ég frjálst og það er von mín að ég geti haldið áfram skólagöngu minni.“

LEYST ÚR HALDI EFTIR ÁKALL AMNESTY INTERNATIONAL MARS 2019



Amnesty International kallaði eftir því að sjálfstjórnarsvæði Kúrda í Írak myndi falla frá ákærum gegn fjölmiðlafólki og aðgerðasinnum sem voru handtekin að geðþótta í kjölfar mótmæla. Í sömu viku var allt fólkið leyst úr haldi og sjálfstjórn Kúrda sendi frá sér yfirlýsingu um að það hefði verið gert vegna ákalls Amnesty International.

UNG KONA FRÁ SÁDI-ARABÍU FÆR VERND FEBRÚAR 2019



Rahaf Mohammed al-Qununi, 18 ára kona frá Sádi-Arabíu, fékk vernd og aðgang að Flóttamannastofnun í Taílandi eftir að hafa flúið ofbeldi, misbeitingu og dauðahótanir frá fjölskyldu sinni í Sádi-Arabíu. Áframhaldandi barátta Amnesty International átti þátt í þeim ánægjulegu málalokum að henni var veitt alþjóðleg vernd í Kanada þar sem hún er nú örugg.

RÉTTLÆTI Í KJÖLFAR SAMANTEKTAR AMNESTY INTERNATIONAL JANÚAR 2019



Til minningar um Julián Carillo, umhverfisverndarsinna sem var myrtur í október 2018, birti Amnesty International [samantekt](#): Caught between bullets and neglect, um hvernig stjórnvöld í Mexíkó höfðu brugðist skyldu sinni að vernda baráttufólk í umhverfismálum. Nokkrum klukkustundum eftir birtinguna voru tveir grunaðir handteknir fyrir morðið á Julián. Það sýndi þau fljótvirku áhrif sem Amnesty International getur haft á réttlæti.

TRANS EKKI GEÐSJÚKDÓMUR HJÁ ALÞJÓÐA- HEILBRIGÐISSTOFNUNINI MÁÍ 2019



Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hætti að flokka trans sem geðsjúkdóm og hegðunartruflun. Það þýðir að trans fólk er ekki lengur talið vera með geðsjúkdóm. Amnesty International hefur frá árinu 2014 kallað eftir því að trans fólk sé ekki álitð vera með geðsjúkdóm og fái viðurkenningu á að vera það sjálft.

MIKILVÆG LÖGGJÖF SAMÞYKKT Í ÁSTRALÍU FEBRÚAR 2019



Samþykkt var mikilvæg löggjöf í Ástralíu sem auðveldar flóttafólki í haldi á Manus-eyjum og Nárú að sækja lífsnauðsynlega lækni meðferð í Ástralíu. Þetta mikilvæga skref náðist með samstarfi Amnesty International við fjölda einstaklinga og samtaka en ekki síst starfi flóttafólksins sjálfs og hugrekki þess.

MILDUN DAUÐADÓMA 22 FANGA Í GAMBÍU MAÍ 2019



Forseti Gambíu, Adama Barrow, mildaði dauðarefsingu 22 fanga og var henni breytt í lífstíðarfangelsi. Þetta kom í kjölfar þess að sendisveit Amnesty International fór til Gambíu til að afhenda stjórnvöldum ráð um [tíu leiðir](#) til að vernda mannréttindi. Meðal þeirra var afnám dauðarefsingarinnar og að milda alla dauðadóma í lífstíðarfangelsi.

GOOGLE HÆTTIR VIÐ LEYNILEGT VERKEFNI FYRIR KÍNA JÚLÍ 2019



Í áheyrn bandaríska þingsins staðfesti framkvæmdastjóri Google að fyrirtækið hefði [hætt við Dragonfly](#), leynilegt verkefni til að þróa leitarvél sem myndi auðvela kínverskum stjórnvöldum strangt eftirlit og ritskoðun á netinu. Amnesty International ásamt fjölda starfsfólks Google kallaði eftir því að hætt yrði við verkefnið. Netákallsfélagar Íslandsdeildar Amnesty International voru á meðal þeirra.

GÖGN BIRT Í KJÖLFAR SKÝRSLU AMNESTY INTERNATIONAL MARS 2019



AFRICOM viðurkenndi í fyrsta sinn að óbreyttir borgarar í Sómalíu hefðu fallið eða særst í loftárásum þeirra eftir að Amnesty International birti [rannsókn sína](#): The Hidden US War in Somalia, Civilian Casualties from Air Strikes in Lower Shabelle. Skýrslan leiddi til þess að rannsókn hófst á loftárásunum og endaði með því að birt voru gögn frá bandaríska hernum sem staðfestu að þeir vissu um frekara mannfall óbreyttra borgara í fjölmörgum loftárásum í Sómalíu.

AFTÖKUR STÖÐVAÐAR Í SRI LANKA JÚLÍ 2019



Amnesty International náði þeim árangri að stöðva tímabundið fyrstu aftökur í Sri Lanka í 43 ár með fjölmiðlaathygli, stuðningi við mótmæli og þrýstingi á stjórnvöld. Hæstiréttur mun í lok október fara yfir stöðu málsins á ný. Netákallsfélagar Íslandsdeildar Amnesty International voru á meðal þeirra sem kölluðu eftir stöðvun á aftökum.

KOMIÐ Í VEG FYRIR SKERÐINGU Á TJÁNINGARFRELSI Í ÍRAK MARS 2019



Nokkrum dögum eftir að Amnesty International og önnur samtök bentu á að drög að lögum gegn tölvuglæpum í Írak myndu grafa alvarlega undan tjáningarfrelsinu ákvað íraska þingið að draga frumvarpið til baka og staðfesti að áhyggjur samtakanna hefðu komist til skila.

UNGLIÐAHREYFINGIN

2019

Árangur af starfi Amnesty International og mannréttinda-baráttunnar er margs konar. Lög eru sett til verndar mannréttindum, komið er í veg fyrir lagabreytingar sem ógna mannréttindum, réttlæti næst, aftökur eru stöðvaðar, fólk er leyst úr haldi og fyrirtækjum gert að virða mannréttindi. Þátttaka þín í mannréttindabaráttunni skiptir máli. Saman erum við sterkari.




Frá samstöðuáæðgerð á Valentínusardaginn í Bíó Paradís til stuðnings hinsegin fólki í Tétsnú.



Stjórn ungliðahreyfingarinnar 2019–2020. Talið frá vinstri: Snædís Lilja Káradóttir gjaldkeri, Ragnheiður Lóa Ólafsdóttir, Ragnhildur Björt Björnsdóttir ritari, Sindri Bjarkason, Hertha Kristín Benjamínsdóttir formaður.



Mona Elfareh, ungur aðgerðasinni frá Noregi heimsótti ungliðahreyfinguna á Landsfundi í maí.



Háskólafélag Amnesty hélt velheppnaða Mannréttindaviku í Háskóla Íslands í mars.



Pallborðsumræður um fjölmiðlafrelsi á Íslandi í Mannréttindaviku Háskólafélags Amnesty.



Ungliðahreyfing Amnesty tók þátt í Gleðigöngunni í ágúst.



Hópurinn frá Íslandi á Nordic Youth Conference í Stokkhólmi.



Sjálfbodaliðar og aðgerðasinnar ungliðahreyfingarinnar ásamt þátttakendum í Mannréttindamaraboni Amnesty í júlí.



Ungliðar biða fyrir utan bandaríska sendiráðið eftir hlaupurum í Mannréttindamaraboni Amnesty.



Ungliðahreyfingunni gafst kostur á samverustund og spjalli með aðalframkvæmdastjóra Amnesty International, Kumi Naidoo.



Ungliðahreyfingin tók að sjálfsögðu þátt í Druslugöngunni í ár.



Í apríl síðastliðnum kom út síðasta Marvel-myndin, en þær eru ofurhetjumyndir byggðar á teikni-myndasögum, sem hafa notið gríðarlegra vinsælda síðastliðnum áratug frá því að fyrsta myndin, Iron Man, kom út. Síðasta myndin, Avengers: Endgame, kom út í apríl á árinu og sló mörg aðsóknarnet.

Áhugafólk um Marvel innan Amnesty International fór yfir glæpi helstu skúrka myndanna og setti í samhengi við alþjóðleg mannréttindalög. Þið sem eigið eftir að sjá myndirnar og viljið ekki láta skemma fyrir ykkur skuluð ekki lesa lengra en við hin setjum á okkur mannréttindagleraugin og höldum af stað inn í þennan skemmtilega heim.

THANOS- EINN HELSTI SKÚRKURINN Í ÝMSUM MARVEL-MYNDUM OG AF GEIMVERUÆTT

Mannréttindabrot: glæpir gegn mannkyni, fjöldamorð, pyndingar, stríðsglæpir – herjað á óbreytta borgara, morð og ill meðferð á stríðsföngum

Thanos reynist vera versti skúrkurinn í Marvel-myndunum. Hann kemur einnig slæmu orði á umhverfisverndarsinna því honum finnst réttlæt看legt að myrða helminginn af öllu lífi í alheiminum í þeim tilgangi að létta byrðina á umhverfið. Með einum fingursmelli fremur hann fjöldamorð af nær óhugsandi stærðargráðu. Þetta telst þó ekki þjóðarmorð þar sem morðin eru tilviljunarkennd og beinast ekki að ákveðnu þjóðarbroti, minnihlutahópi eða trúarhópi.

Thanos beitir einnig dætur sínar miklum sálrænum og líkamlegum pyndingum sem er gróft mannréttindabrot. Við eigum öll rétt á frelsi frá pyndingum og annarri illri meðferð og refsingu. Pyndingar eru ekki eingöngu líkamlegar þjáningar. Sálrænum pyndingum, líkt og Thanos beitir, er oft beitt af valdhöfum til að valda öðrum miklum andlegum skaða.

KREE – GEIMVERUKYNÞÁTTUR Í HEIMI MARVEL

Mannréttindabrot: Fjöldamorð og þjóðarmorð

Kree álíta sig vera friðarbera alheimsins og eru einn af völdugustu hópum í heimi Marvels en eru þó einna verstir er kemur að mannréttindabrotum. Þjóðarmorð felur í sér fjöldamorð og er eitt alvarlegasta mannréttindabrotið. Kree eru sekir um þjóðarmorð með því að reyna að útrýma öðrum geimveruhópi, Skrulls. Kree draga upp mynd af Skrulls sem hættulegum óvini þegar í raun er þetta hópur sem er í leit að öryggi. Það er vel þekkt aðferð sem hefur verið beitt í aldanna rás að afmenna annan hóp og gera að blóraböggli alls þess sem illa fer.

ÓÐINN – BYGGÐUR Á GÓÐKUNNINGJA ÍSLENDINGA ÚR NORRÆNU GOÐSÖGUNUM

Mannréttindabrot: Þvingað mannshvarf, mögulega stríðsglæpir

Í myndinni, Thor: Ragnarok, kemur í ljós að Óðinn fór í blóðugt og grimmelegt stríð með elstu dóttur sinni Hel (sem var dóttir Loka í norrænu goðsögnum) til að ná yfirráðum yfir níu undirheimum. Óljóst er hvort hann hefur framið stríðsglæpi gegn óbreyttum borgurum en hann framdi mannréttindabrot gegn dóttur sinni. Óðinn fangelsaði Hel þegar hún varð blóðþyrstari en hann og eyðilagði öll gögn um tilvist hennar. Það telst vera þvingað mannshvarf.

Þvingað mannshvarf er skilgreint í alþjóðlegum mannréttindalögum sem handtaka, varðhald, mannrán eða frelsissvipting af hálfu yfirvalda sem þvertaka fyrir frelsissviptingu eða neita að gefa upplýsingar um viðkomandi einstakling. Hel fékk enga lagalega vernd en það er það sem gerir þvingað mannshvarf að alvarlegu mannréttindabroti. Sumum gæti þótt álitamál að hafa Óðin á þessum lista þar sem ekki er dregin upp mynd af honum sem skúrki í myndunum en þar sem hann er æðstur yfir sínu ríki ber honum skylda til að vernda og virða mannréttindi. Því leggur Amnesty International áherslu á að fylgjast með að ríki verndi mannréttindi fremur en að einblína á einstaklinga eða hópa.

HNATTRÆN HERFERÐ GEGN FÉLAGASAMTÖKUM

Ríkisstjórnir víðsvegar um heim eru í auknum mæli að ráðast gegn félagasamtökum með kúgandi reglugerðum og lögum sem koma í veg fyrir að þau geti sinnt starfi sínu.

Síðastliðin tvö ár hafa verið samþykktar um 40 lagabreytingar víðsvegar um heim sem vega að réttinum til félagafrelsis. Þessi lög gera það að verkum að skráning félagasamtaka er erfiðari, samtök og starfsfólk er undir ströngu eftirliti, skrifinnnska eykst, settar eru hömlur á framlög til samtakanna eða lokað er hjá þeim ef þau fara ekki eftir ósanngjörnum reglugerðum. Einnig á starfsfólk fangelsisvist stöðugt á hættu. Þetta kemur fram í [skýrslu Amnesty International](#) frá þessu ári, e. *Laws Designed to Silence: The Global Crackdown on Civil Society Organizations*. Skýrslan fjallar um nýlegar breytingar á lögum í 50 löndum víðsvegar um heim sem sporna gegn félagasamtökum.

„Skýrslan sýnir fram á að ríkisstjórnir beita í auknum mæli ósanngjörnum reglugerðum gegn félagasamtökum og koma þannig í veg fyrir að þau geti sinnt áriðandi vinnu sinni.“
Kumi Naidoo aðalframkvæmdastjóri Amnesty International.

Í Hvíta-Rússlandi eru félagasamtök undir ströngu eftirliti frá ríkinu og telst það hegningarlagabrot að vinna fyrir samtök sem fá ekki leyfi fyrir skráningu, sem oft er einungis komin undir hentistefnu í landinu.

Í Sádi-Arabíu getur ríkisstjórnin neitað nýjum samtökum um leyfi og leyst þau upp ef þau eru talin „skaða þjóðarsamstöðu“. Þetta kemur í veg fyrir að mannréttindahópar, þar á meðal hópar baráttukvenna fyrir mannréttindum, fái að starfa í landinu.

Í Egyptalandi þurfa samtök sem fá styrki frá útlöndum að fylgja strangri reglugerð. Þetta hefur leitt til þess að mannréttindasinnar

hafa verið settir í ferðabann, eignir þeirra frystar og þeir ákærðir. Sumir þeirra eiga yfir höfði sér allt að 25 ár í fangelsi verði þeir dæmdir fyrir að taka á móti styrk frá útlöndum.

Í Ungverjalandi hafa mörg félagasamtök þurft að segjast „fá styrki frá útlöndum“ þar sem ríkisstjórnin leitast við að koma órði á starfsemi þeirra og snúa almenningi gegn þeim. Samtök sem fylgja ekki ströngum reglum eiga yfir höfði sér háar sektir og sviptingu starfsleyfis. Samtök sem styðja flótta- og farandfólk hafa verið helstu skotmörk nýrra laga frá júní 2018. „Við vitum ekki hvað mun gerast næst hjá okkur eða öðrum samtökum eða hvaða lagabreytingar verða samþykktar næst.“ Aron Demeter, frá Amnesty International í Ungverjalandi.

Samtök sem verja réttindi kvenna, réttindi hinsegin fólks og réttindi flóttafólks og umhverfishópar eru á meðal þeirra sem verða allra helst fyrir barðinu á lagabreytingum sem beinast gegn félagasamtökum.

Skrifstofur Amnesty International víðsvegar um heim hafa einnig átt undir högg að sækja. Allt frá Indlandi til Ungverjalands hafa yfirvöld komið illa fram við starfsfólk okkar, ráðist inn á skrifstofur þess, fryst eignir þess í herferð sinni gegn félagasamtökum.“
Kumi Naidoo

Amnesty International er fjármagnað af félögum og einstaklingum eins og þér. Aldrei fyrr hefur styrkur þinn verið mikilvægari en nú í dag þegar félagasamtök eiga undir högg að sækja. Leggðu starfi okkar lið hér



ÞÁTTTAKA ÞÍN BJARGAR MANNSLÍFUM!

Allt starf Amnesty International er fjármagnað og knúið áfram af einstaklingum eins og þér!
Hvert framlag — hver aðgerð vegur þungt.

Íslandsdeild Amnesty International þakkar félögum fyrir ómetanlegan stuðning á árinu 2019



JÓLAGJÖFIN Í ÁR TIL STYRKAR MANNRÉTTINDUM Á AMNESTY.IS



FYRIR AMNESTY

*Sokkar eftir Hildi Yeoman,
Eygló og Sævar Markús
fyrir Amnesty.*



JÓLAKORT

*Ský, blóm og jörðin eftir Erlu
Björk Sigmundsdóttur var valið
til að prýða jólakort Amnesty
International jólin 2019.*



GJAFABRÉF

*Gjafabréfin okkar eru tilvalin gjöf
til þeirra sem eiga allt. Hægt
er að velja hvaða upphæð sem
er að lágmarki 1.000 krónur.*



VEFMYNDAVÉLAHULA

*Hulan hylur myndavélina
þína þegar hún er ekki
í notkun. Virkar á snjallsíma,
fartölvur og spjaldrölvur.*

Ágóðinn rennur óskiptur til mannréttindastarfs Amnesty International.
Við erum alltaf að bæta við vöruúrvalið okkar.